

Sp.

57. Tillaga til þingsályktunar

[54. mál]

um ávana- og fíkniefni.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Jón Helgason,
Níels Á. Lund, Haraldur Ólafsson, Ingólfur Guðnason,
Jóhann Einvarðsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði heildarendurskoðun á því, hvernig leitast er við af hálfu þjóðfélagsins að verjast innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna, með árangursríkari varnaraðgerðir að markmiði. Tillögur þar að lútandi liggi fyrir í árslok 1982.

Greinargerð.

Nú þegar höfum við Íslendingar öðlast allnokkra reynslu á þessu sviði. Vilja margir ætla að árangur í erfiðri baráttu við ávana- og fíkniefnavandamálin sé umtalsverður, og ekki skal úr því dregið hér. Eigi að síður megum við aldrei láta af grandskoðun þessara mála og heildarsýn þarf að vera tiltæk á hverri tíð.

Síðustu misseri hefur mikið magn ávana- og fíkniefna verið tekið úr umferð, sem að einhverju leyti má vafalaust rekja til árangursríkara starfs þeirra sem að þessum málum vinna. Þrátt fyrir að mikið magn fíkniefna er tekið úr umferð þykir fullvíst að neytendum ávana- og fíkniefna hérlendis fari fjölgandi. Varla líður sá dagur að ekki sé getið um misferli á þessu sviði, sumpart neyslu og sumpart innflutning eða hvort tveggja.

Það er mjög brýnt að staldra við og gaumgæfa frekar en nokkru sinni, hvort barátta okkar í viðureigninni við þann vágast, fíkniefnin og skaðvænleg áhrif þeirra á íslenskt þjóðfélag, sé á réttum brautum. Við þá endurskoðun og þær ráðagerðir, sem tillagan fjallar um, skal gæta þess, að málið fái víðtæka umfjöllun aðila frá sem flestum sviðum samfélagsins í ljósi þeirrar reynslu, sem fengin er, og viðhorfa, sem fram kunna að koma.